

Þriðjudaginn 25. janúar 1944.

Nr. 21/1943. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags
Ísafjarðar vegna Hannibals Einarssonar**
(Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn

**Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Vinnuveit-
endafélags Siglufjarðar vegna Friðriks Guð-
jónssonar** (Eggert Claessen hrl.).

Mál út af ágreiningi um skyldu útgerðarmanns til að greiða hlutarmanni, er stundaði sildveiðar, orlofsfé.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 6. des. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Ísafjarðar vegna Hannibals Einarssonar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Siglufjarðar vegna Friðriks Guðjónssonar, til greiðslu á orlofsfé, kr. 228.72, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að Hannibal Einarsson var skipverji síðastliðið sumar á mótorskipinu Birni austræna, sem gert var út á sildveiðar af Friðriki Guðjónssyni útgerðarmanni á Siglufirði. Stundaði skipið eingöngu herpinótaveiðar meðan Hannibal var á því. Hannibal var ráðinn með þeim kjörum, sem getur í kauptaxta sjómannadeildar verkamannafélagsins Þróttar á Siglufirði, en samkvæmt honum skyldu skipverjar frá 35% af veiðinni, er skiptist í 16 staði. Skipverjar áttu að

fæða sig sjálfir. Salt sem notað væri til þess „að salta með lausa sild í lest eða á dekk um borð í skipum“, skyldi greiddast af óskiptum afla samkvæmt 8. gr. kauptaxans, en annan kostnað við útgerðina greiddi útgerðarmaðurinn. Útgerðarmaður skyldi annast sölu á aflahlut, en honum var óheimilt að gera samning um sölu á óveiddum afla, án samþykkis skipverja eða trúnaðarmanns þeirra og ávallt áttu skipverjar að njóta þess verðs, sem veiðin seldist fyrir.

Andvirði aflahluta Hannibals nam kr. 5718.06. Telur hann að sér beri samkvæmt 4. gr. laga nr. 16/1943, um orlof, 4% af þeirri upphæð í orlofsfé, eða hin umstefnda upphæð, kr. 228.72. Stefndur telur hins vegar að hér eigi við ákvæði b-liðs 1. gr. orlofslaganna, og eigi stefnandi því aðeins rétt á 2% af andvirði aflahlutans í orlofsfé, eða kr. 114.36, og hefur hann boðið fram greiðslu á þeirri upphæð.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að með orðunum „hrein hlutaskipti“ í b-lið 1. gr. laga nr. 16/1943, um orlof, sé aðeins átt við þá samninga, þar sem skipverjar taki þátt í útgerðarkostnaði og beri þannig bæði áhættu af kostnaði og veiði. Hann heldur því fram, að samningar þeirrar tegundar, er hér um ræðir, er skipverjar fái tiltekinn hundraðshluta af brúttóveiði skipsins, séu ekki samningar um „hrein hlutaskipti“. Telur stefnandi, að skipverjar taki ekki þátt í útgerðarkostnaði, þótt þeir fæði sig sjálfir, og salt það, sem greiddast eigi af óskiptum afla sé almennt svo hverfandi lítið, 1—3 tonn yfir veiðitímabilið, að hlutdeild skipverja í þeim kostnaði verði ekki talin þátttaka í útgerðarkostnaði samkvæmt áðurnefndum b-lið 1. gr. orlofslaganna. Undantekningarákvæði greinarinnar eigi því ekki við um Hannibal og beri honum því réttur til 4% í orlofsfé.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að með hreinum hlutaskiptum sé átt við það, að afkoma sjómannsins sé undir því komin hvernig veiðist, og skipti því ekki máli, hvort sjómennirnir fái vissan hluta af brúttóveiði skipsins eða taki hlut sinn af veiðinni að frádregnum kostnaði. Samningur sá, sem hér ræðir um, sé út af fyrir sig um hrein hlutaskipti. Þá sé og ljóst, að fæði skipverja sé einn þáttur í útgerðarkostnaði, og með því að leggja það til sjálfir taki þeir þátt í honum, auk þess sem áðurnefnt ákvæði 8. gr. kauptaxans, um þátttöku skipverja í saltkostnaði, leiði til þess, að þeir verði að teljast þátttakendur í útgerðarkostnaði. Af þessu telur stefndi ljóst,

að Hannibal falli undir undantekningarákvæði b-liðs 1. gr. orlofslaganna, og eigi því aðeins rétt til 2% í orlofsfé, svo sem boðið hafi verið fram.

Samkvæmt b-lið 1. gr. laga nr. 16/1943, um orlof, eru undanteknir frá ákvæðum laganna um rétt til orlofs „starfsmenn fiskiskipa, sem ráðnir eru eftir reglum um hrein hlutaskipti og hlutarmaður tekur þátt í útgerðarkostnaði að meira eða minna leyti. Þó skal, ef hlutarmaður óskar þess, greiða honum orlofsfé þannig, að helmingur þess sé tekinn af kaupum hans sjálfs, en hinn helminginn greiði útgerðarmaður“.

Ákvæði greinarinnar verður samkvæmt orðalagi hennar að skilja svo, að tvö skilyrði þurfi til þess, að starfsmaður á fiskiskipi missi rétt til orlofsfjár samkvæmt hinum almennu ákvæðum laganna.

Í fyrsta lagi, að hann sé ráðinn eftir reglum um hrein hlutaskipti, og

í öðru lagi, að hann taki þátt í útgerðarkostnaði.

Verður þá fyrst að athuga, hvort samningur sá, er hér um ræðir, falli undir ákvæðið um hrein hlutaskipti.

Samkvæmt áliti meiri hluta millipinganefndar þeirrar, er samdi frumvarpið að lögum þessum, virðast „hrein hlutaskipti“ eigi að merkja, „að hlutarmaður sé sá, sem er þátttakandi í útgerðarkostnaði skipsins, þ. e. að skipshöfn greiði að jöfnu við útgerðarmann oliur, beitu, veiðarfæri og ýmislegt fleira“, eins og það er orðað í nefndarálitinu. Ef leggja á þennan skilning í orðin „hrein hlutaskipti“ virðist það ósamrýmanlegt ákvæðum 1. gr. laganna, því þá væri síðara skilyrðinu, um þátttöku í útgerðarkostnaði, algerlega ofaukið. Það verður því að leggja til grundvallar orðalag greinarinnar, og þykir þá ekki verða löggð önnur merking í orðin hrein hlutaskipti en sú, að þar sé átt við þess konar samninga, er sjómaðurinn fær greiðslu fyrir vinnu sína með tilteknum hluta af veiðinni, án tillits til þess, hvort hann tekur þátt í útgerðarkostnaði eða ekki. Kauptaxti sá, sem Hannibal var ráðinn eftir, og að framan er lýst, verður þá samkvæmt þessu að teljast samningur um hlutaskipti og er þannig fullnægt fyrra skilyrði b-liðs 1. gr. orlofslaganna.

Þá kemur til álita, hvort Hannibal hafi með því að leggja sér til fæði gerzt þátttakandi í útgerðarkostnaði skipsins, og með því firrt sig rétti til 4% í orlofsfé.

Það mun hafa verið föst venja frá fyrstu tíð hlutaskiptanna,

að sjómennirnir leggðu sér til fæði og gildir sú regla almennt um hlutaskiptaútgerð hér á landi. Virðist það vera venja við hlutaskiptaútgerð, að fæðið sé ekki talið til útgerðarkostnaðar frekar en aðrar sérþarfir skipverja, svo sem hlífðarföt. Það þykir því verða að leggja þessa venju til grundvallar við skýringu á 1. gr. orlofslaganna og verður það því ekki metið Hannibal sem þátttaka í útgerðarkostnaði, þó hann bæri sjálfur kostnað af fæði sínu. Ekki verður það heldur talin þátttaka í útgerðarkostnaði í skilningi 1. gr. orlofslaganna, þótt skipverjar bæru kostnað af saltnotkun samkvæmt 8. gr. framanefnds kauptaxta, því eftir því sem upp er komið í málinu, nemur sá kostnaður á Birni austræna á umræddu tímabili lítilræði einu, 4 til 5 kr. á hlut hvers skipverja.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að ekki verður talið, að fyrir hendi séu bæði þau skilyrði 1. gr. b-liðs orlofslaganna, er valda missi réttar til orlofsfjár samkvæmt hinum almennu ákvæðum laganna og á stefnandi, Hannibal Einarssonar, því rétt til orlofsfjár samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þeirra. Og með því að ekki er ágreiningur um upphæðina ber að dæma stefnda til að greiða kr. 228.72 ásamt 5% ársvöxtum frá 6. des. f. á. til greiðsludags, sem þó aðeins reiknast af kr. 114.36, með því að viðurkennt er, að stefnanda hafi ætíð staðið til boða af hálfu stefnda greiðsla á 2%, kr. 114.36.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einn dómenda, Sigurjón Á. Ólafsson, getur ekki fallizt á þá lögskýringu í forsendum dóms þessa, að umræddur kaup-taxti sé hreinn hlutaskiptasamningur, en er samþykkur meiri hluta dómsins að því er dómsniðurstöðuna snertir.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Siglufjarðar vegna Friðriks Guðjónssonar, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjömannafélags Ísafjarðar vegna Hannibals Einarssonar, kr. 228.72 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 114.36 frá 6. des. 1943 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar.

Ég er sammála forsendum dómsins, að öðru leyti en því, sem nú skal greina.

Ég lit svo á, að fæðiskostnað skipverja beri að telja til útgerðarkostnaðar, þar eð útgerðarmanni ber að leggja skipverjum til fæði, sbr. 57. gr. sjómannalaganna nr. 41/1930, enda sé hann ekki sérstaklega undan þeirri skyldu þeginn með samningi við þá.

Þar eð stefnandi fæddi sig sjálfur og átti auk þess að taka þátt í söltunarkostnaði, sem óvíst var fyrir fram, hverju mundi nema, tel ég bæði fullnægt skilyrði b-liðs 1. gr. laga um orlof nr. 16/1943, um hrein hlutaskipti og skilyrðinu um, að skipverji taki meiri eða minni þátt í útgerðarkostnaði. Lit ég því svo á, að stefnanda beri aðeins 2% í orlofsfé hjá stefnda. Þar sem stefnandi hefur ekki krafizt dóms um þennan hluta kröfu sinnar, ef stefndi yrði sýknaður að öðru leyti, tel ég að sýkna beri stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum tel ég rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsatkvæði mitt verður því þannig:

Dvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Siglufjarðar vegna Friðriks Guðjónssonar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Sjómannafélags Ísafjarðar vegna Hannibals Einarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 7. marz 1944.

Nr. 18/1943. Alþýðusamband Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda (Eggert Claessen hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 13. sept. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda.

Gerir stefnandi þær dómkröfur:

1. að viðurkennt verði, að fastráðið verkafólk, sem vann